

VAFRÍ

Skýrsla formanns

Vatns- og fráveitufélag Íslands (VAFRÍ) var stofnað 17. apríl 2009. Stofnfélagar voru þá 41 og hefur fjölgað í 45.

Hestu markmið félagsins eru að stuðla að öruggum vatnsveitum, bættum vatnsgæðum og vistvænum fráveitum. Félagið vill auka þekkingu á vatns- og fráveitumálum með markvissum hætti og miðla þeirri reynslu til almennings.

Með því að halda málþing og fyrirlestra getur VAFRÍ unnið að markmiðum sínum. Strax á stofnfundinum voru haldnir 2 fróðlegir fyrirlestrar: „Meðhöndlun ofanvatns“ þar sem Sveinn Torfi Þórólfsson flutti erindi um nýja tækni við meðhöndlun ofanvatns í íbúðahverfum. Tæknin byggir á því að vatnið er ekki drenað í burt heldur er umhverfið þar sem byggingar eiga að rísa látið áfram taka við vatninu og síðan flutti Jónas Elíasson erindi um „Hönnunarskúri og rennslisreikninga fyrir fráveitur á Íslandi“. Þar var fjallað um aðferð sem Jónas hefur þróað til að ákvarða hönnunarskúra og skúrarunur fyrir mismunandi endurkomutíma út frá svonefndu 1M5 gildi úrkomunnar á viðkomandi stað.

Á vormánuðum 2010 hélt VAFRÍ málþing í Háskóla Íslands og þar voru flutt 2 erindi. Marí Jóna Gunnarsdóttir flutti erindi rannsóknir sínar á innra eftirliti í vatnsveitum á Íslandi og Sveinn Torfi Þórólfsson flutti erindi um vatnsveituna í Bergen og vandamál sem henni tengdust. Þetta voru fróðleg erindi en því miður var mæting á málþingið ekki nógu góð.

Þann 23. apríl s.l. hélt VAFRÍ málþing, ásamt Garðabæ, Alta ehf, Urriðaholti ehf, HÍ og HR í húsi Náttúrufræðistofnunar í Urriðaholti. Málþingið fjallaði um „Sjálfbært vatnafar“ og voru 4 fyrirlestrar fluttir sem allir fjölluðu um meðhöndlun ofanvatns. Sveinn Torfi fjallaði um tæknina sem beitt er við sjálfbæra meðhöndlun ofanvatns. Hrund Ólöf Andradóttir fjallaði um verkefni sem unnið var að í HÍ um sjálfbæra meðhöndlun ofanvatns á lóðum skólans og Halldóra Hreggviðsdóttir fjallað um Urriðaholt, íbúðahverfið sem útfært var með þessari tækni. Þetta málþing

heppnaðist afar vel og mættu á milli 80 og 90 manns, fjölreyttur hópur fagmanna sem starfar við eða er í námi í öllum þessum fræðum sem snerta þessi mál.

Það er hægt að halda því fram að Ísland hafi stöðvast eftir hrun, lítið um uppbyggingar og almennt ríkir drómi í samfélaginu. Þetta á kannski ekki síður við um VAFRÍ og starfssemin hefði mátt vera meiri. Sjálfur starfa ég ekki lengur innan geirans og hef því misst nokkuð samband við málefnið og fyrrum kolleika. Núna eru merki um að Ísland sé að rétta úr kúttum sem vonandi leiðir það til aukinnar bjartsýni og meiri áræðni. Þetta er því mikilvægur tímapunktur fyrir VAFRÍ til að kjósa sér nýja stjórn og sækja fram í sínum málum. Ég vil nota tækifærið og þakka fyrir að hafa mátt vera með í þessum fyrstu skrefum félagsins og ég leyfi mér að spá félaginu farsældar og mikils árangurs.

Reykjavík 8. maí 2012.

Pétur Kristjánsson, formaður VAFRÍ